



RANGÁRÞING EYSTRÁ

Aðalskipulag 2012-2024

BREYTING Í APRÍL 2018

**SVÆÐI ÚR LANDI BRÚNA VIÐ VEGAMÓT ÞJÓÐVEGAR NR. 1 OG
LANDEYJAHAFNARVEGAR.
BREYTING Á LANDNOTKUN**

Umhverfisskýrsla

ÖNNUR SKIPULAGSGÖGN:
Breyting á sveitarfélagsupprætti dag. 03. apríl 2018
Síðast breytt: 24. janúar 2019

24. janúar 2019

**TEIKNISTOFA
ARKITEKTA**
GYLFI GUÐJÓNSSON
OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faí



Brúnir, yfirlitsmynd

UMHVERFISSKÝRSLA

Almennt

Markmiðið með lögum um mat á umhverfisáhrifum áætlana er að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Jafnframt að stuðla að því að við áætlanagerð sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða. Það skal gert með umhverfismati tiltekinna skipulags- og framkvæmdaáætlana stjórnvalda sem líklegt er að hafi í för með sér veruleg áhrif á umhverfið. Með umhverfismati áætlana er leitast við að greina líklegar umhverfisbreytingar af völdum skipulagsáætlunarinnar í ljósi þeirra upplýsinga sem liggja fyrir um núverandi ástand og meta vægi og varanleika breytinganna.

Inntak áætlunar og helstu stefnumið

Áætlunin felur í sér breytingu á landnotkun á um 1,6 ha spildu úr landi Brúna (Ln: 163751) við vegamót Þjóðvegur nr. 1 og Landeyjahafnarvegur (254) úr landbúnaðarsvæði (L) og í verslunar- og þjónustusvæði (VP). Áætlunin kveður á um framkvæmd sem tilgreind er í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, lið 12.05, flokki B. Um er að ræða þjónustumiðstöð fyrir ferðamenn á verndarsvæði á láglandi utan þéttbýlis. Í flokki B eru tilgreindar þær framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar, hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum samkv. fyrrgreindum lögum um mat á umhverfisáhrifum, sbr. einnig 2. viðauka. (Tilkynningarskyld framkvæmd). Áætlunin tekur til einnar hæðar um 115 m² þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn ásamt bílastæðum og leik/útisvæði á um 1,6 ha spildu. Í þjónustumiðstöðinni verða salerni, verslun og þjónusta fyrir ferðamenn, aðstaða fyrir sorpgáma og losun salernisúrgangs úr húsbílum auk hleðslustöðva fyrir rafmagnsbíla. Tilefni aðalskipulagsbreytingarinnar er skortur á fyrrnefndum þjónustubáttum samfara stöðugri aukningu ferðamanna á undangengnum árum. Samkvæmt fyrirbyggjandi tölningum árið 2008 voru ferðamenn í Rangárþingi eystra 175.000, árið 2012 250.000, 2014 327.000, 2016 600.000 og líklegt er að árið 2018 hafi meira en ein milljón ferðamanna komið á svæðið. Þjónustumiðstöðin er staðsett við vegamót Þjóðvegur nr. 1 og Landeyjahafnarvegur og þjónar því bæði umferð um Þjóðveginn og sívaxandi umferð um Landeyjahafnarveg.

Forsendur breytingarinnar er stefna sveitarstjórnar í aðalskipulagi sem kveður á um að unnið skuli að því að gera menningarminjar og sögustaði aðgengilega og áhugaverða og styðja þannig við ferðaþjónustu á svæðinu. Einnig er í aðalskipulagi stefna um áhersla á uppbyggingu þeirra þjónustukerfa sem koma ferðaþjónustu að gagni, s.s. vegi að hálendisjaðri og uppbyggingu á áfangastöðum.

Mikilvægir umhverfisþættir varðandi efni og landfræðilegt umfang áætlunarinnar og líkleg þróun án framfylgdna áætlunarinnar.

Umhverfisþættir sem einkum verða fyrir áhrifum við framfylgd áætlunarinnar:

- Vistkerfi,
- Heilsa og öryggi,
- Hagrænir og félagslegir þættir,
- Náttúru- og menningarminjar
- Landslag

Ef áætluninni verður ekki framfylgt mun ástrand vistkerfisins vera óbreytt og ríkulegt fuglalíf ekki verða fyrir truflun.

Náttúruvá vegna hugsanlegs Kötlugoss verður viðvarandi á svæðinu, hvort heldur áætlunin kemur til framkvæmda eða ekki.

Hvorki íbúar né sveitarfélagið mun hafa tekjur af fyrirhuguðum rekstri á svæðinu.

Ekki er brýnt á þessu stigi máls að ráðast í skráningu fornleifa á skipulagssvæðinu.

Röskuð landslagsmynd og laskað náttúrulegt yfirbragð á svæðinu verður óbreytt án framfylgdna áætlunarinnar.

Lýsing á umhverfisþáttum sem líklegt er að verði fyrir verulegum áhrifum af framkvæmd áætlunarinnar.

Vistkerfi

Skipulagssvæðið nýtur hverfisverndar sveitarfélagsins, svæði Hv-234 Markarfljótsaurar-Tjarnarnes. Fjölbreytt gróðurfar á gömlum aurum Markarfljóts.

Ríkulegt fuglalíf, m.a. talsvert skúmavarp. Á náttúruminjaskrá og hluti af Markarfljótsaurum sem eru á skrá um alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði.

Hverfisverndin felst í eftirfarandi ákvæðum um landnotkun, umgengni og mannvirkjagerð:

- Þar sem um er að ræða vötn eða tjarnir, tekur verndarsvæðið auk þeirra að lágmarki til 50 m beltis á bökkum þeirra.
- Hefðbundnar nytjar, svo sem beit og veiðar geta haldist eins og verið hefur. Sveitarstjórn getur þó sett reglur um takmörkun eða stjórn beitar á svæðunum.
- Framræsla votlendis á svæðunum er óheimil. Lagt er til að votlendi verði endurheimt þar sem því verður við komið.
- Halda skal byggingarframkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins líttillar röskunar og kostur er.

Skipulagssvæðið er á náttúruminjaskrá:

Tjarnir og Tjarnarnes (719). (1) Að austan liggja mörk svæðisins um Markarfljót og að vestan um Ála. (2) Gróður og dýralíf. Mólendi og votlendi. Mikið fuglavarpi.

Heilsa og öryggi

Á svæðinu er náttúruvá og því hefur áætlunin áhrif á heilsu og öryggi.

Svæðið er samkvæmt skilgreiningu Hólms og Kjaran (2005) í farvegi mjög stórra jökulhlaupa úr Kötlu (100.000-300000 m³/s). Tjónmætti af völdum slíks jökulhlaups á þessum stað er metið geysimikið (Magnús Tumi Guðmundsson o. fl. (2016, bls 45). Í aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012-2024, kafla 5.4 kemur fram að mótuð hefur verið viðbragðsáætlun almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra vegna eldgosa og jökulhlaupa. Til staðar er viðvörunarkerfi fyrir alla íbúa og miðlun viðvarana og upplýsinga til ferðamanna.

Hagrænir og félagslegir þættir

Skipulagsáætlunin, þ. e. bygging og rekstur þjónustumiðstöðvar fyrir ferðafólk hefur jákvæð áhrif á hagræna og félagslega þætti. Vænta má að störfum fjölgi og skatttekjur sveitarfélagsins aukist.

Náttúru- og menningarminjar

Ekki eru þekktar fornminjar á skipulagssvæðinu. Á undanförunum árum hefur verið unnið að skráningu fornleifa í sveitarfélaginu. Því er ekki lokið á skipulagssvæðinu, en mikilvægt er að skráning fari fram á svæðinu samhliða gerð deiliskipulags.

Lýsing á umhverfisvandamálum sem varða áætlunina, sérstaklega sem varða svæði sem hafa sérstakt náttúruverndargildi.

Eins og fram hefur komið er skipulagssvæðið á náttúruminjaskrá sem „aðrar náttúruminjar“ vegna gróðurs, dýralífs, mólendis, votlendis og mikils fuglavarps. Auk þess nýtur svæðið hverfisverndar sveitarfélagsins.

Skipulagssvæðið er um 230 m löng og 70 m breið spilda sem liggur meðfram Landeyjahafnarvegi frá vegamótum við Þjóðveg nr. 1 til suðurs. Ferðamannamiðstöðin er áformuð á landi sem hefur verulega verið raskað, m.a. vegna byggingar Landeyjahafnar og vegagerðar að henni. Fullyrða má að umhverfisáhrif vegarins, mikillar umferðar með tilheyrandi sjón- og hávaðamengun séu þegar veruleg á allri spildunni og því hafi framfylgd áætlunarinnar ekki í för með sér aukin umhverfisáhrif á vistkerfi en orðið er og spilli því aðeins að takmörkuðu leyti varpi spóa og annarra fugla.

Á svæðinu er náttúruvá og því hefur áætlunin áhrif á heilsu og öryggi. Eins og fram hefur komið er svæðið er í farvegi mjög stórra jökulhlaupa úr Kötlu. Tjónmætti af völdum slíks jökulhlaups á þessum stað er metið geysimikið. Í aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012-2024, kafla 5.4 kemur fram að mótuð hefur verið viðbragðsáætlun almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra vegna eldgosa og jökulhlaupa. Til staðar er viðvörðunarkerfi fyrir alla íbúa og miðlun viðvarana og upplýsinga til ferðamanna.

Upplýsingar um umhverfisverndarmarkmið sem stjórnvöld hafa samþykkt og varða áætlunina og umfjöllun um hvernig tekið hefur verið tillit til þeirra og annarra umhverfissjónarmiða við gerð áætlunarinnar.

Við skipulagsgerðina hefur verið litið til markmiða í skipulagslögum 123/22 um að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Í náttúruverndarlögum nr. 60/2013 er skerpt á markmiðssetningunni um að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags. Löggin eiga að tryggja eftir fönngum þróun íslenskrar náttúru á eigin forsendum og verndun þess sem þar er sérstakt eða sögulegt.

Í landsskipulagsstefnu 2015-2026 er m.a. kveðið á um að skipulag gefi kost á fjölbreyttri nýtingu lands, svo sem til ræktunar, ferðaþjónustu og útivistar í sátt við náttúru, umhverfi og landslag.

Skipulagsáætlunin tekur mið af framangreindum umhverfisverndarmarkmiðum stjórnvalda með staðsetningu þjónustumiðstöðvar á þegar röskuðu svæði sem nú þegar undir álagi frá fjölförnum vegi, hávaða og mengun.

Skilgreining, lýsing og mat á líklegum verulegum umhverfisáhrifum af framkvæmd áætlunarinnar og raunhæfra valkosta við áætlunina, að teknu tilliti til markmiða með gerð áætlunarinnar og landfræðilegs umfangs hennar.

Umhverfisáhrif á vistkerfi svæðisins umfram það sem nú er eru metin óveruleg. Skipulagssvæðið er 70 m breið spilda næst Landeyjahafnarvegi þar sem umferð er nú þegar bæði mikil og hröð með tilheyrandi hávaða og mengun.

Umhverfisáhrif á heilsu og öryggi eru metin veruleg/óviss. Skipulagssvæðið er í farvegi mjög stórra jökulhlaupa úr Kötlu. Tjónmætti af völdum slíks jökulhlaups á þessum stað er metið geysimikið. Fyrir liggur að jökulhlaup úr Kötlu í farvegi Markarfljót eru fremur óalgeng og heimildir herma að ekki hafi runnið jökulhlaup úr Kötlu í þeim farvegi síðastliðin 1000 ár.

Áhrif áætlunarinnar á hagræna og félagslega bætti eru metin talvert jákvæð þar sem störf skapast og sveitarfélagið fær tekjur af fyrirhugaðri starfsemi.

Umhverfisáhrif áætlunarinnar á náttúru- og menningarminjar (hverfisvernd) eru metin óveruleg þar sem um er að ræða framkvæmd að miklu leyti á röskuðu svæði sem liggur að fjölförnum vegi.

Umhverfisáhrif einnar hæðar byggingar, allt að 150 m² að stærð ásamt bílastæðum og útisvæðum eru metin óveruleg á landslag, enda sé þess gætt að mannvirki falli vel að umhverfi sínu.

Upplýsingar um aðgerðir sem fyrirhugaðar eru til að koma í veg fyrir, draga úr eða vega upp á móti verulegum neikvæðum áhrifum af framkvæmd áætlunarinnar.

Til þess að að koma í veg fyrir eða draga úr neikvæðum áhrifum af framkvæmd áætlunarinnar er lögð áhersla á að sem minnst umhverfisrask verði af framkvæmdum og áhersla lögð á aðlögun byggingar og útisvæða að umhverfi sínu og landslagi. Það verði m.a. gert með markvissri lóðar- og umhverfishönnun.

Í deiliskipulagi verður nánar gerð grein fyrir byggingu og útisvæðum, athafna- og bílastæðum með fyrrgreind atriði að leiðarljósi.

Yfirlit yfir ástæður þess að kostirnir, sem um er að ræða voru valdir og lýsing á því hvernig matið fór fram, þ.m.t um erfiðleika, svo sem tæknilega erfiðleika og skort á upplýsingum eða þekkingu við að taka saman þær upplýsingar sem krafist var.

Ástæða þess að þjónustumiðstöðinni er valinn staður við vegamót Þjóðveg nr. 1 og Landeyjahafnarveg, en ekki á afþreyingar- og ferðamannasvæði við Hamragarða/ Seljalandsfoss er sú að fyrirhuguð bygging þar ásamt bílastæðum er nú þegar talin nálgast þolmörk varðandi stærð og umfang í afar viðkvæmu umhverfi. Við fyrrgreind vegamót er nú þegar talsvert umhverfisrask og hávaðamengun vegna sívaxandi umferðar.

Umhverfismat aðalskipulagsáætlunarinnar er unnið af skipulagsráðgjafa í samráði við skipulagsnefnd Rangárþings eystra.

Hvernig haga skuli vöktun vegna líklegra, verulegra umhverfisáhrifa af framkvæmd áætlunarinnar, komi hún eða einstakir þættir hennar til framkvæmda.

Gerðar hafa verið umfangsmiklar viðbragðsáætlanir vegna eldgosa og jökulhlaupa sem virkjaðar eru í neyðartilvikum.

Að öðru leyti verður ekki um eiginlega vöktun umhverfisáhrifa að ræða umfram samráðs sveitarstjórnar og eftirlits með framkvæmdum.

UMHVERFISSKÝRSLA, samantekt

Áætlunin felur í sér breytingu á landnotkun á um 1,6 ha spildu úr landi Brúna (Ln: 163751) við vegamót Þjóðveg nr. 1 og Landeyjahafnarveg (254) úr landbúnaðarsvæði (L) og í verslunar- og þjónustusvæði (VP). Áætlunin kveður á um framkvæmd sem tilgreind er í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, lið 12.05, flokki B. Um er að ræða þjónustumiðstöð fyrir ferðamenn á verndarsvæði á láglandi utan þéttbýlis. Í flokki B eru tilgreindar þær framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og matið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar, hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum samkv. fyrrgreindum lögum um mat á umhverfisáhrifum, sbr. einnig 2. viðauka. (Tilkynningarskyld framkvæmd). Áætlunin tekur til einnar hæðar um 115 m² þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn ásamt bílastæðum og leik/útisvæði. Samkvæmt fyrirliggjandi talningum árið 2008 voru ferðamenn í Rangárþingi eystra 175.000, árið 2012 250.000, 2014 327.000, 2016 600.000 og líklegt er að árið 2018 hafi yfir ein milljón ferðamanna komið á svæðið.

Forsendur breytingarinnar er stefna sveitarstjórnar í aðalskipulagi sem kveður á um að unnið skuli að því að gera menningarminjar og sögustaði aðgengilega og áhugaverða og styðja þannig við ferðaþjónustu á svæðinu. Einnig er í aðalskipulagi stefna um áhersla á uppbyggingu þeirra þjónustukerfa sem koma ferðaþjónustu að gagni, s.s. vegi að hálendisjaðri og uppbyggingu á áfangastöðum.

Eftirtaldir umhverfisþættir verða einkum fyrir áhrifum af framfylgd áætlunarinnar:

- Vistkerfi,
- Heilsa og öryggi,
- Hagrænir og félagslegir þættir,
- Náttúru- og menningarminjar
- Landslag

Líkleg áhrif af framkvæmd áætlunarinnar:

Vistkerfi

Skipulagssvæðið nýtur hverfisverndar sveitarfélagsins, svæði Hv-234 Markarfljótsaurar-Tjarnarnes. Fjölbreytt gróðurfar á gömlum aurum Markarfljóts. Ríkulegt fuglalíf, m.a. talsvert skúmavarp. Á náttúruminjaskrá og hluti af Markarfljótsaurum sem eru á skrá um alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði. Með hliðsjón af náttúrufari á skipulagssvæðinu er þess ekki að vænta að framfylgd áætlunarinnar muni hafa neikvæð áhrif á fugla og fuglavarp á Markarfljótsaurum-Tjarnarnesi. Hverfisverndin felst í ákvæðum um landnotkun, umgengni og mannvirkjagerð sem skilgreind eru í aðalskipulagi, en þar á meðal er ákvæði um að halda byggingum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.

Skipulagssvæðið er á náttúruminjaskrá:

Tjarnir og Tjarnarnes (719). (1) Að austan liggja mörk svæðisins um Markarfljót og að vestan um Ála. (2) Gróður og dýralíf. Mólendi og votlendi. Mikið fuglavarp.

Heilsa og öryggi

Á svæðinu er náttúruvá og því hefur áætlunin áhrif á heilsu og öryggi.

Svæðið er samkvæmt skilgreiningu Hólms og Kjaran (2005) í farvegi mjög stórra jökulhlaupa úr Kötlu (100.000-300000 m³/s). Tjónmætti af völdum slíks jökulhlaups á þessum stað er metið geysimikið. Til staðar er viðvörunarkerfi fyrir alla íbúa og miðlun viðvarana og upplýsinga til ferðamanna.

Hagrænir og félagslegir þættir

Skipulagsáætlunin, þ. e. bygging og rekstur þjónustumiðstöðvar fyrir ferðafólk hefur áhrif á hagræna og félagslega þætti. Störfum fjölgar og skatttekjur sveitarfélagsins aukast.

Náttúru- og menningarminjar

Ekki eru þekktar fornminjar á skipulagssvæðinu. Skráning fornminja mun fara fram á svæðinu samhliða gerð deiliskipulags.

Ef áætluninni verður ekki framfylgt mun bággt ástand vistkerfisins á skipulagssvæðinu tæpast taka neinum breytingum.

Náttúruvá vegna hugsanlegs Kötlugoss verður viðvarandi á svæðinu, hvort heldur áætlunin kemur til framkvæmda eða ekki.

Hvorki íbúar né sveitarfélagið munu hafa tekjur af fyrirhuguðum rekstri á svæðinu.

Landslag og ásýnd svæðisins verður óbreytt.

Eins og fram hefur komið er skipulagssvæðið á náttúruminjaskrá sem „aðrar náttúruminjar“ vegna gróðurs, dýralífs, mólendis, votlendis og mikils fuglavarps. Auk þess nýtur svæðið hverfisverndar sveitarfélagsins.

Um að ræða um 230 m langa og 70 m breiða spildu sem liggur meðfram Landeyjahafnarvegi frá vegamótum við þjóðveg nr. 1 til suðurs Ferðamannamiðstöðin er áformuð þar sem landi hefur verulega verið raskað, m.a. vegna byggingar Landeyjahafnar og vegagerðar að henni. Umhverfisáhrif vegarins, mikillar umferðar með tilheyrandi sjón- og hávaðamengun eru nú þegar veruleg á spildunni og því hefur framfylgd áætlunarinnar ekki í för með sér aukin umhverfisáhrif á vistkerfi en orðið er.

Á svæðinu er náttúruvá og því hefur áætlunin áhrif á heilsu og öryggi.

Svæðið er í farvegi mjög stórra jökulhlaupa úr Kötlu. Tjónmætti af völdum slíks jökulhlaups á þessum stað er metið geysimikið. Í aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012-2024, kafla 5.4 kemur fram að mótuð hefur verið viðbragðsáætlun almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra vegna eldgosa og jökulhlaupa. Til staðar er viðvörunarkerfi fyrir alla íbúa og miðlun viðvarana og upplýsinga til ferðamanna.

Við skipulagsgerðina hefur verið litið til markmiða í skipulagslögum 123/22 svo og náttúruverndarlaga nr. 60/2013 þar sem skerpt er á markmiðssetningunni um að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru.

Í landsskipulagsstefnu 2015-2026 er m.a. kveðið á um að skipulag gefi kost á fjölbreyttri nýtingu lands í sátt við náttúru, umhverfi og landslag.

Skipulagsáætlunin tekur mið af framangreindum umhverfisverndarmarkmiðum stjórnvalda með staðsetningu þjónustumiðstöðvar á röskuðu svæði sem nú þegar er undir álagi frá fjölförnum vegi, hávaða og mengun.

Umhverfisáhrif á vistkerfi svæðisins umfram það sem nú er eru metin óveruleg.

Umhverfisáhrif á heilsu og öryggi eru metin veruleg/ óviss. Skipulagssvæðið er í farvegi mjög stórra jökulhlaupa úr Kötlu, en slík hlaup hafa ekki runnið í 1000 ár.

Áhrif áætlunarinnar á hagræna og félagslega þætti eru metin talvert jákvæð þar sem störf skapast og sveitarfélagið fær tekjur af fyrirhugaðri starfsemi.

Umhverfisáhrif áætlunarinnar á náttúru- og menningarminjar (hverfisvernd) eru metin óveruleg þar sem um er að ræða framkvæmd að miklu leyti á röskuðu svæði sem liggur að fjölförnum vegi.

Umhverfisáhrif einnar hæðar 115 m² byggingar ásamt bílastæðum og útisvæðum eru metin óveruleg á landslag.

Til þess að að koma í veg fyrir eða draga úr neikvæðum áhrifum af framkvæmd áætlunarinnar er lögð áhersla á að sem minnst umhverfisrask verði af framkvæmdum og áhersla lögð á aðlögun byggingar og útisvæða að umhverfi sínu og landslagi.

Í deiliskipulagi verður nánar gerð grein fyrir byggingu og útisvæðum, athafna- og bílastæðum með fyrrgreind atriði að leiðarljósi.

Ástæða þess að þjónustumiðstöðinni er valinn staður við vegamót þjóðvegur nr. 1 og Landeyjahafnarvegur, en ekki á affreyningar- og ferðamannasvæði í grenndinni, þ. e. við Hamragarða/ Seljalandsfoss er sú að fyrirhuguð bygging þar ásamt bílastæðum er nú þegar talin nálgast þolmörk varðandi stærð og umfang í afar viðkvæmu umhverfi. Við fyrrgreind vegamót er nú þegar talsvert umhverfisrask og hávaðamengun vegna sívaxandi umferðar og umhverfið ekki eins viðkvæmt.

Gerðar hafa verið umfangsmiklar viðbragðsáætlanir vegna eldgosa og jökulhlaupa sem virkjaðar eru í neyðartilvikum.

Að öðru leyti verður ekki um eiginlega vöktun umhverfisáhrifa að ræða umfram samráðs sveitarstjórnar og eftirlits með framkvæmdum

